

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Áslands, 4. áfanga, fyrir Axlarás 25-29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2025 breyting á deiliskipulagi Áslands, 4. áfanga, fyrir Axlarás 25-29. Breytt deiliskipulag gerir ráð fyrir fjölgun lóða úr þremur í fjórar. Lóðirnar eru misstórar og heildarbyggingarmagn á hverri lóð er að hámarki 225 m². Byggingarreitir breytast. Samanlagt heildarbyggingarmagn lóðanna er hins vegar óbreytt.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. desember 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 7. janúar 2026